

**Ed.**

**510. Nefndarálit**

[48. mál]

um frv. til laga um eftirlit með skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að undanfögnu rætt mál þetta á fundum sínum, ásamt frumvarpi til laga um Siglingamálastofnun ríkisins, sem einnig var vísað til nefndarinnar. Segja má, að afgreiðsla þessara mála sé nokkuð bundin hvor annarri, þar sem lög-gjöfin gerir ráð fyrir nafnbreytingu á þeirri stofnun, sem fer með þessa mála-flokka.

Nefndin hefur hins vegar lagt til, að nafnið „Skipaskoðun ríkisins“ haldist ó-breytt, svo sem fram hefur komið í breytingartillögum nefndarinnar við það frum-varp, og með hliðsjón af því leggur nefndin einnig til, að þær breytingar verði á þessu frumvarpi, að þar sem í frumvarpinu stendur „Siglingamálastofnun ríkisins“ komi: Skipaskoðun ríkisins.

Þá leggur nefndin einnig til, að inn komi nýr liður í 38. gr. í VIII. kafla frum-varpsins, um siglingadóm og rannsókn sjóslysa, — 4. töluliður, svo hljóðandi:

„Að birta árlega niðurstöður rannsókna á sjóslysum.“

Það er álit nefndarinnar, að ákvæði þetta heyri frekar undir siglingadóm en Siglingamálastofnun ríkisins eða Skipaskoðun ríkisins, eins og lagt er til í umræddu frumvarpi um Siglingamálastofnun ríkisins.

Þá hefur nefndin lagt til, að á eftir 43. gr. komi þrjár nýjar greinar, en efni þeirra er um skipun sérstakrar rannsóknarnefndar sjóslysa, starfsvið nefndarinnar og starfsmanns, sem heimilað er að ráða nefndinni til aðstoðar. Að öðru leyti er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytt.

Alþingi, 8. apríl 1970.

Jón Árnason, form., frsm.	Jón Árm. Héðinsson, fundaskr.	Sveinn Guðmundsson.
Bjarni Guðbjörnsson.	Gils Guðmundsson.	Ólafur Jóhannesson.
	Axel Jónsson.	